

Jafnréttisstofa
01 313

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Jafnréttisstofa

kt. 710800-2940

Norðurslóð Borgum, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jafnréttisstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérлага.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisvitund, trú, lífsskoðun, fötun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018 og heyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra. Hlutverk jafnréttisstofu er skilgreint í 4. grein jafnréttislaganna.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 147,6 milljónir og afkoma kr. 1,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 16,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jafnréttisstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jafnréttisstofu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	117.700.000	103.400.000
Seld þjónusta	3	710.000	230.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	28.863.466	21.717.299
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	366.827	342.332
Tekjur samtals		<u>147.640.293</u>	<u>125.689.631</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	107.220.403	97.640.880
Annar rekstrarkostnaður	6	38.972.000	43.201.926
Afskriftir	7	366.827	342.332
Gjöld samtals		<u>146.559.230</u>	<u>141.185.138</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.081.063	(15.495.507)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(12.038)	(22.216)
		<u>(12.038)</u>	<u>(22.216)</u>
Afkoma ársins		<u><u>1.069.025</u></u>	<u><u>(15.517.723)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		1.363.226	1.362.063
Aðrar eignir		43.500	43.500
		<u>1.406.726</u>	<u>1.405.563</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.406.726</u>	<u>1.405.563</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	2.468.733	11.641.212
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		8.178.403	297.912
Handbært fé		4.523.994	2.878.764
		<u>15.171.130</u>	<u>14.817.888</u>
Veltufjármunir samtals		<u>15.171.130</u>	<u>14.817.888</u>
Eignir samtals		<u>16.577.856</u>	<u>16.223.451</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		1.580.528	956.332
		<u>1.580.528</u>	<u>956.332</u>
Eigið fé samtals		<u>1.580.528</u>	<u>956.332</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	205.674	935.201
Viðskiptaskuldir		1.315.318	1.432.100
Ýmsar skammtímaskuldir	11	11.554.817	11.311.472
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	1.921.519	1.588.346
		<u>14.997.328</u>	<u>15.267.119</u>
Skuldir samtals		<u>14.997.328</u>	<u>15.267.119</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>16.577.856</u>	<u>16.223.451</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.069.025	(15.517.723)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	366.827	342.332
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(366.827)	(342.332)
		<u>1.069.025</u>	<u>(15.517.723)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(7.880.491)	552.098
Tengdir aðilar		8.442.952	10.660.868
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		126.563	6.202.645
		<u>689.024</u>	<u>17.415.611</u>
		<u>1.758.049</u>	<u>1.897.888</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(509.261)	(517.217)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		141.271	0
		<u>(367.990)</u>	<u>(517.217)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		(444.829)	0
Fjárfestingarframlag		700.000	700.000
		<u>255.171</u>	<u>700.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.645.230	2.080.671
		<u>2.878.764</u>	<u>798.093</u>
		<u>4.523.994</u>	<u>2.878.764</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	117.700.000	104.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(700.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	117.700.000	103.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	366.827	342.332
	118.066.827	103.742.332

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	117.700.000	0	0	117.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	117.700.000	0	0	117.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(116.630.975)	0	0	(116.630.975)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.069.025	0	0	1.069.025

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Fræðslustarfsemi og fundir	710.000	230.000
	710.000	230.000

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	0	413.787
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	10.668.039	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	17.347.912	20.720.537
Ýmsar tekjur	847.515	582.975
	28.863.466	21.717.299

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	87.618.945	73.381.476
Orlof, breyting	(1.048.145)	6.448.451
Launatengd gjöld	19.999.183	16.784.553
Starfsmannakostnaður	650.420	1.026.400
	107.220.403	97.640.880

Meðalfjöldi stöðugilda	8,4	8,3
------------------------------	-----	-----

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	182.802	201.610
Tæki og búnaður til innréttinga	0	19.750
Ýmis tæki og áhöld	138.555	118.672
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	11.692
Orkugjafir	21.694	1.877
Matvæli	1.014.724	830.033
Almennar rekstrarvörur	18.806	44.938
Vörukaup, almenn	<u>1.376.581</u>	<u>1.228.572</u>
Fundir, námskeið, risna	1.630.622	1.277.727
Ferðir, uppihald	7.760.462	7.068.924
Akstur	721.344	656.962
Sérfræðiþjónusta	6.279.803	12.061.109
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	22.823	26.023
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.032.743	3.568.745
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.076.655	1.317.695
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>22.524.452</u>	<u>25.977.185</u>
Afnotagjöld	2.451.219	3.288.027
Leigugjöld	11.526.651	11.387.823
Notkun véla og flutningatækja	0	12.900
Verkkaup	288.064	558.498
Kostnaðarhlutdeild	250.470	186.482
Tryggingar, lögboðnar	3.987	2.160
Opinber gjöld	506.756	459.279
Tilfærslur	43.820	101.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>15.070.967</u>	<u>15.996.169</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>38.972.000</u>	<u>43.201.926</u>
	2019	2018
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	327.368	342.332
Söluþap og úreltar eignir	39.459	0
	<u>366.827</u>	<u>342.332</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.363.226	1.362.063
Aðrar eignir	43.500	43.500
	<u>1.406.726</u>	<u>1.405.563</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	3.459.650	43.500	3.503.150
Viðbætur á árinu	509.261	0	509.261
Selt/niðurfært á árinu	(280.122)	0	(280.122)
	<u>3.688.789</u>	<u>43.500</u>	<u>3.732.289</u>
Afskriftir 1.1.2019	2.097.587	0	2.097.587
Selt/niðurfært á árinu	(99.392)	0	(99.392)
Afskrift ársins	327.368	0	327.368
	<u>2.325.563</u>	<u>0</u>	<u>2.325.563</u>
Staða 31.12.2019	<u>1.363.226</u>	<u>43.500</u>	<u>1.406.726</u>
	31.12.2019	31.12.2018	

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	805.417	5.974.920
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.663.316	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	5.666.292
	<u>2.468.733</u>	<u>11.641.212</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	205.674	935.201
	<u>205.674</u>	<u>935.201</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	956.332	16.474.055
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(444.829)	0
Afkoma ársins	1.069.025	(15.517.723)
Jöfnuður 31.12.	<u>1.580.528</u>	<u>956.332</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	10.263.327	11.311.472
Ógreidd laun	65.100	0
Önnur ógreidd gjöld	1.226.390	0
	<u>11.554.817</u>	<u>11.311.472</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.406.726	1.405.563
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	514.793	182.783
	<u>1.921.519</u>	<u>1.588.346</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	1.405.563	182.783	1.588.346
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	700.000	700.000
Bókfært verð seldra eigna	(141.271)	141.271	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	509.261	(509.261)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(366.827)	0	(366.827)
	<u>1.406.726</u>	<u>514.793</u>	<u>1.921.519</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2029 og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 10,9 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 0,1 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.